

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 21. janúar 2021 eftirfarandi:

Bakkaflöt 12, óveruleg breyting á deiliskipulagi Flata.

Tillagan gerir ráð fyrir að nýtingarhlutfall sé aukið úr 0,45 í 0,51. Tillagan gerir einnig ráð fyrir því að hámarkshæð hækki um 70 sm úr 4,2 m í 4,9 m.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 18. febrúar 2021 eftirfarandi:

Leiksvæði í Sjólandi, óveruleg breyting á deiliskipulagi Sjólands.

Tillagan gerir ráð fyrir að skilgreining svæðisins verði leiksvæði og sparkvöllur.

Keldugata 2 og 4, breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, vesturhluta.

Tillagan gerir ráð fyrir að Keldugata 2 og 4 sameinist í eina lóð og innkeyrsla inn á lóðina færast til.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsstjóri Garðabæjar 10. mars 2021, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsstjóra í viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Vikurgata 16, óveruleg breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, vesturhluta.

Breytingin gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir útigeymslu á bak við stoðvegg að lóðarmörkum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 26. mars 2021.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.